



1. útgáfa / 28.01.2009

Öryggisblað (MSDS)

skv. reglugerð UST nr. 750/2008 (REACH)

1. AUÐKENNING EFNISINS EÐA EFNABLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS EÐA FYRIRTÆKISINS

Vöruheiti: Bensín 95 og 98 Oktan

Söluaðili: N1

Dalvegur 10-14

201 Kópavogur

Sími: 440 1000

Netfang: n1@n1.is

Veffang: www.n1.is

Eitrurnarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Símanúmer neyðarlínunnar er 112.

2. HÆTTUGREINING

Fólk:

Efnið telst varasamt fólk skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Afar eldfimt.

Ertir húð.

Getur valdið krabbameini.

Getur valdið arfgengum skaða.

Getur dregið úr frjósemi.

Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku.

Hættulegt: hætta á alvarlegu heilsutjóni við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku við langvarandi notkun.

Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.

Flókin blanda kolvetna, aðallega parrafin, sýklóparrafin og arómatísk efnasambönd. Lengd keðja aðallega yfir C3 með suðumark á bilinu 30-260°C. Blandan gæti innihaldið íblöndunarefni (t.d. súrefnisaukandi) í litlu magni.

Sjá einnig 11. og 15. lið.

Umhverfi:

Efnið flokkast sem hættulegt umhverfinu (N) skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

Sjá einnig 12. lið.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

Innihaldsefni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Flokkur	Merki	H-setningar	Styrkur
Bensín (<0,1% bensen)	86290-81-5	289-220-8	-	Fx,T,N	12-38-45-67-65-51/53	85-100%
Benzen	200-753-7	71-43-2	Carc.1; Mut.2	F,T	45-46-11-36/38-48/23/24/25-65	1-5%
2-Metoxý-2-metýlprópan	1634-04-4	216-653-1	-	F,Xi	11-38	0-15%
n-Hexan	110-54-3	203-777-6	Rep.3	F,Xn,N	11-38-51/53-65-67	1-5%

Sjá texta H-setninga og heiti varnaðarmerkja innihaldsefna í 16. lið.

Sjá flokkun efnisins í 3. og 15. lið og H- og V-setningar þess í 15. lið.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIÐHJÁLÐ

Almennt:

Öryggisblað skal ætíð vera tiltækt á vinnustað.

Ef grunur um heilsutjón eða krankleika vaknar leitið þá strax læknis.

Tryggið eigið öryggi við hjálparstörf.

Sé sá slasaði meðvitundarlaus; leggið hann í læsta hliðarlegu og leitið strax læknis.

Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk!

Hafið í huga að hættulegt getur verið að veita blástursaðferð ef efnið er eitrað, hættulegt við inntöku eða ætandi.

Sýnið lækni öryggisblað.

Innöndun:

Tryggið ferskt loft.

Haldið hita á þeim slasaða og látið hann hvílast.

Leitið læknis verði óþæginda eða meðvitundarleysis vart.

Snerting við augu:

Fjarlægjið linsur ef við á. Skolið strax með miklu af vatni í a.m.k. 15 mín. og haldið auganu vel opnu á meðan.

Hafið samband við lækni ef erting er viðvarandi.

Snerting við húð:

Þvoið strax vel með miklu af vatni - Fjarlægjið strax fatnað sem komist hefur í snertingu við efnið.

Þvoið vel með sápu og miklu af vatni. Notið rakakrem á þurra húð.

Leitið læknis verði ertingar vart (t.d. roða í húð).

Inntaka:

Gefið þeim slasaða 1-2 glös af vatni að drekka sé hann með fullri meðvitund.

Framkallið EKKI uppköst.

Hafið strax samband við lækni.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

Æskileg/nauðsynleg viðbrögð við eldsvoða:

Fjarlægjið umbúðir af eldstað sé slíkt mögulegt - ef ekki, kælið með vatnsúða.

Gætið þess að efni frá slökkvistarfi og mengað vatn berist ekki í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

Viðeigandi slökkviefni:

Alkóhólþolin froða, kolsýra, slökkviduft eða vatnsúði.

Slökkviefni sem af öryggisástæðum má ekki nota:

Kraft- og/eða rúmmálsmikil vatnsbuna. Eldur getur tvístrast og dreifst út.

Sérstök hættu vegna efnisins eða efna sem myndast við bruna:

Forðist innöndun reyks.

Gufur þyngri en andrúmsloft getur myndast og breiðst út með jörð - Íkveikja og/eða sprenging getur orðið

fjarri eldstað. Eld- eða sprengihætta geta skapast berist efnið í frárennsli.

Efnið er afar eldfimt. Gufur af efninu geta myndað sprengifimar blöndur í lofti.

Við bruna geta myndast kolmónoxíð (CO), koldíoxíð (CO₂) og reykur.

Persónulegur hlífðarbúnaður:

Heilgalli og ferskloftsgríma (SCBA)

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

Sjá 8. lið fyrir takmörkun áverkunar og notkun persónuhlífa og 13. lið fyrir förgun.

Tilkynningar:

Berist efni á einhvern hátt í umhverfið skal tilkynna það viðeigandi yfirvöldum, s.s. lögreglu, slökkviliði og heilbrigðiseftirliti.

Til verndar fólki:

Haldið fólki fjarri.

Forðist snertingu efnisins við húð og augu.

Tryggið góða loftræstingu.

Notið viðeigandi hlífðarfatnað. Sjá lið 8.

Forðist innöndun gufu/úða.

Varúð - Gólf geta orðið hál.

Til verndar umhverfi:

Stöðvið útbreiðslu efnis sem lekið hefur niður.

Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, sjó/vatn, grunnvatn eða jarðveg.

Aðferðir við hreinsun:

Útbúið skurði til að koma í veg fyrir útbreiðslu efnisins,

Hreinsið upp með óbrennanlegu ísogsefni, s.s. mold, sandi, kísilgúr eða sambærilegu efni.

Leyfið efni að gufa upp undir loftsogi, eða utandyra.

Mokið/dælið upp og komið fyrir í merktu íláti. Fargið eins og fram kemur í 13. lið.

Skolið svæðið ítarlega með þvottaefni og miklu vatni að hreinsun lokinni.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA**Meðhöndlun:****Öryggi fólks við meðhöndlun:**

Sjá 6. lið.

Tryggið góða loftræstingu.

Notið viðeigandi persónuhlífar og takið mið af mengunarmörkum (sjá 8. lið).

Fylgið notkunarleiðbeiningum.

Neysla/geymsla mat- og drykkjarvara auk reykinga er óheimil í vinnurými.

Forðist innöndun og alla snertingu efnisins við augu og húð. Fjarlægið strax fatnað sem kemst í snertingu við efnið.

Viðhafið góðar venjur og hreinlæti við meðhöndlun efnavara.

Farið ekki inn í geymslutank án öndunargrímu, nema hann hafi verið vel loftræstur áður.

Varnir vegna eld- og/eða sprengihættu:

Haldið fjarri íkveikjuvöldum - Reykingar bannaðar.

Gerið ráðstafanir gagnvart stöðurafragnni.

Öll rafmagnstæki skulu vera jarðtengd.

Sé loftræsting ekki nægjanleg geta gufur af efninu myndað sprengifima blöndu í lofti.

Til varnar umhverfi:

Hellið ekki í niðurföll.

Geymsla:**Almennt:**

Geymið umbúðir vel lokaðar.

Geymið fjarri íkveikjuvöldum.

Efni geymt með öðrum efnum:

Sjá 10. lið.

Geymið ekki með matvælum.

Geymið fjarri hita, neistum, eldi og oxunarmiðlum.

Sérstakar geymsluaðstæður:

Sjá 9. og 10. lið.

Geymið á þurrum, svölum og vel loftræstum stað.

Geymið í eldheldu rými.

8. TAKMÖRKUN VÁHRIFA/PERSÓNUHLÍFAR

Tryggið góða loftræstingu annað hvort með staðbundnu útsogi eða almennri loftræstingu.

Engin mengunarmörk hafa verið skilgreind fyrir efnið eða innihaldsefni þess.

Persónuhlífar:**Til hlífðar öndunarfærum:**

Notið heilgrímu með samsettu síuhylki: ABEKP.

Sé áverkun mikil (þ.e. styrkur efna hár) eða unnið í litlu rými skal nota ferskloftsgrímu.

Til hlífðar höndum:

Notið viðeigandi hlífðarhanska (4H).

Hanskar skulu vera viðurkenndir af framleiðanda. Skiptið oft um hanska!

Mælt er með notkun húðverndandi handáburðar (berið á áður en vinna hefst).

Kannið þol hlífðarhanska áður en þeir eru notaðir í fyrsta skipti.

Athugið að ítarlegar prófanir hafa ekki farið fram á þoli hlífðarhanska gagnvart efninu.

Valið byggir á bestu þekkingu og upplýsingum um innihaldsefni og upplýsingum framleiðanda hlífðarhanska.

Til hlífðar augum:

Þétt hlífðargleraugu með hliðarvörn til varnar slettum, eða andlitshlíf.

Til hlífðar húð:

Hlífðarfatnað skal velja með hliðsjón af notkun efnisins og hættum þess samfara.

Langerma til að koma í veg fyrir snertingu við húð.

Geymið ekki tuskur eða pappír sem gegnblaut eru af efninu í vösum.

Tæknilegar ráðstafanir:

Augnskol og neyðarsturta.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR**Almennar upplýsingar:**

Form:	Vökvi
Litur:	Glær, gæti innihaldið litarefni
Lykt:	Einkennandi
Suðumark:	25-215°C
Blossamark:	<-40°C
Sjálftendrun:	400°C
Sprengimörk:	
Neðri sprengimörk (LEL):	0,6%
Efri sprengimörk (UEL):	8%
Gufuþrýstingur við 20°C:	<100 kPa
Eðlisþyngd við 21°C:	0,715-0,780 g/cm ³
Seigja við 20°C:	<1 mm ² /s
Leysanleiki:	
Vatn:	30-100 mg/L við 20°C
Dreifistuðull n-oktanól/vatn:	2,1-6

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI**Aðstæður sem skal forðast:**

Sjá 7. lið.

Stöðugt við tilætlaða notkun og réttar geymsluaðstæður.

Hár hiti og beint sólarljós.

Efni sem skal varast:

Sjá 7. lið.

Sterkir oxunarmiðlar (t.d. ýmis bleikiefni o.þ.h.).

Varasöm niðurbrotsefni:

Sjá 5. lið.

Við bruna geta myndast kolmónoxíð (CO), koldíoxíð (CO₂) og reykur.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Efnið telst varasamt fólki skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Engar upplýsingar liggja fyrir um eiturfraðileg áhrif efnisins, en eftirfarandi upplýsingar byggja á þekkingu á innihaldsefnum þess.

Bráð/síðbúin eituráhrif:Innöndun:

Hættulegt: Tíð eða langvarandi innöndun getur valdið varanlegum skaða.

Gufur geta valdið sljóleika og svima.

Innöndun svífúða/gufu í miklum styrk getur valdið ertingu í lungum og öndunarvegi.

Einkenni m.a. höfuðverkur, ógleði, þreyta og/eða svimi.

Snerting við augu:

Getur valdið ertingu og sviða, berist efnið eða gufur af því í augu.

Snerting við húð:

Hættulegt: hætta á alvarlegum heilsuskaða ef efnið er í langvarandi snertingu við húð.

Við tíða eða endurtekna snertingu getur efnið valdið þurri og/eða sprunginni húð. Efnið affitar húð.

Efnið getur sogast upp í gegnum húð.

Inntaka:

Hættulegt: hætta á alvarlegum heilsuskaða við langvarandi snertingu við inntöku.

Getur borist um öndunarveg í lungu og valdið skaða. Hætta á kemískri lungnabólgu við inntöku eða uppköst.

Getur valdið uppköstum og magaverk auk annarra einkenna sem fram koma við innöndun.

Langtímaáhrif:Krabbamein:

Efnið getur hugsanlega valdið krabbameini.

Stökkbreytingar:

Efnið getur hugsanleg valdið stökkbreytingum.

Æxlun:

Getur haft neikvæð áhrif á frjósemi.

Frekari upplýsingar:

Tíð eða langvarandi snerting getur valdið varanlegum skemmdum í lifur, nýrum, lungum, taugum og erfðaefni.

Tíð eða langvarandi snerting getur valdið varanlegum skaða á heila, lifur og nýrum (þrálát leysiefnaeitrun)

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Efnið flokkast sem hættulegt umhverfinu (N) skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Engar upplýsingar liggja fyrir um umhverfisáhrif efnisins.

Upplýsingar í þessum lið byggja á þekkingu á innihaldsefnum.

Látið efnið ekki berast í niðurföll eða menga vatn/sjó.

Umhverfiseituráhrif:

Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

Hreifanleiki:

Efnið leysist að hluta í vatni. Gufar hratt upp úr vatni og jarðvegsyfirborði.

Þrávirkni og niðurbrot:

Efnið brotnar að mestu hratt niður.

Hugsanleg uppsöfnun í lífverum:

Ólíklegt er að efnið safnist upp í lífverum.

Önnur skaðleg umhverfisáhrif:

Jarðolíuefni eyðileggja einangrunareiginleika í feldi og fiðri dýra. Sjávarfuglar og spendýr geta frosið í hel berist efnið í umhverfið. Myndar einnig filmu á vatnsyfirborði sem skaðar vatnalífverur og getur hindrað súrefnisflutning á milli loft/vatnsfasa. Við bruna efnisins losna gróðurhúsalofttegundir.

13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN**Förgun efnis/efnisleifa:**

Farga skal efninu og leifum þess skv. gildandi lögum og reglum.

Koma skal efninu til móttökustöðvar.

Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er efnið og leifar þess í eftirfarandi flokk(um):
13 07 02 (bensín).

Förgun umbúða undan efninu:

Farga skal umbúðum undan efninu skv. gildandi lögum og reglum.

Tæmið umbúðir vel og hreinsið ef hægt er áður en þeim er skilað til förgunar/endurvinnslu.

Umbúðum, sem ekki er hægt að tæma eða hreinsa á fullnægjandi hátt, skal fargað á sama hátt og efninu.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING**Vegflutningar ADR:**

Flokkur:	3 (F1) Eldfimir vökvar
UN-númer:	1203
Hættuflokkur:	3
Hættunúmer:	33
Pökkunarflokkur:	II
Lýsing á innihaldi:	ELDFIMIR VÖKVAR

Sjóflutningar IMO/IMDG:

Flokkur:	3
UN-númer:	1203
Merking:	3
Pökkunarflokkur:	II
EMS-númer:	F-E, S-E
Mengar haf:	Já
Proper ship name:	FLAMMABLE LIQUID

Flugfrakt ICAO/IATA:

Flokkur: 3
 UN-númer: 1203
 Merking: 3
 Þökkunarflokkur: II

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

Merkingar eru í samræmi við reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum og upplýsingar frá framleiðanda. Innihaldsefni uppfylla kröfur reglugerðar nr 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir (REACH).

Varnaðarmerki: FX, T, N



Varnaðarorð: Afar eldfimt, eitur, hættulegt umhverfinu.

Innihald (m.a.): Bensín (85-100%), benzen (1-5%), 2-metoxý-2metýlprópan (MTBE, 1-15%), n-hexan (1-5%)

Hættusetningar:

- | | |
|-------------|---|
| 12 | Afar eldfimt. |
| 38 | Ertir húð. |
| 45 | Getur valdið krabbameini. |
| 46 | Getur valdið arfgengum skaða. |
| 60 | Getur dregið úr frjósemi. |
| 51/53 | Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni. |
| 65 | Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku. |
| 48/20/21/22 | Hættulegt: hætta á alvarlegu heilsutjóni við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku við langvarandi notkun. |
| 67 | Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima. |

Varnaðarsetningar:

- | | |
|----------|--|
| 16 | Haldið frá hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar. |
| 23 | Varist innöndun lofttegundar/reyks/gufu/úða. |
| 29 | Má ekki losa í niðurfall. |
| 33 | Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafragnni. |
| 36/37/39 | Notið viðeigandi hlífðarfatnað, hlífðarhanska og hlífðargleraugu / andlitsgrímu. |
| 38 | Notið öndunargrímu ef góð loftræsting er ekki fyrir hendi. |
| 42 | Notið viðeigandi öndunargrímu við svælingu/úðun. |
| 45 | Leitið umsvifalaust læknis ef slys ber að höndum eða ef lasleika verður vart; sýnið umbúðamerkingarnar ef unnt er. |
| 53 | Varist snertingu - aflið sérstakra notkunarleiðbeininga. |
| 61 | Forðist losun út í umhverfið. Athugið sérstakar ráðleggingar/öryggisleiðbeiningar. |
| 62 | Varist að framkalla uppköst eftir inntöku. Leitið umsvifalaust læknis og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar. |

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

Hættusetningar innihaldsefna:

- | | |
|-------------|--|
| 11 | Mjög eldfimt. |
| 12 | Afar eldfimt. |
| 36/38 | Ertir augu og húð. |
| 48/23/24/25 | Eitrað: hætta á alvarlegu heilsutjóni við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku við langvarandi notkun. |
| 38 | Ertir húð. |
| 45 | Getur valdið krabbameini. |
| 46 | Getur valdið arfgengum skaða. |
| 51/53 | Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni. |
| 65 | Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku. |
| 67 | Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima. |

Varnaðarmerki innihaldsefna:

Fx - Afar eldfimt
F - Mjög eldfimt
T - Eitur
Xn - Hættulegt heilsu
Xi - Ertandi
N - Hættulegt umhverfinu

Útgáfa: 1.

Dags.: 28.01.2009

Öryggisleiðbeiningar þessar eru unnar af Mannviti (DBR).

SNR Mannvits: OB-100-006-2.100.012

Öryggisleiðbeiningar þessar eru byggðar á okkar bestu þekkingu ásamt upplýsingum frá framleiðanda og eru unnar í samræmi við gildandi reglugerðir. Öryggisleiðbeiningarnar eiga einungis við um vöruna eins og hún kemur frá söluaðila. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir hverju sinni.